

# Heimsvaldakerfið – ESB – Ísland

Pórarinn Hjartarson

Útgefandi: Rauður vettvangur 2009

# I. hluti

## Heimsvaldastefna nútímans

Ísland sprikar í netum heimsvaldasinnna. Í neti ESB, í neti AGS, í neti Bretlands og Hollands. En það sýnir sig betur og betur að þessi net eru meira og minna samanriðin, og ef rýnt er betur má sjá útlínur enn stærra netkerfis sem þau eru hluti af. Íslendingar taka afleiðingum af íslenskum stjórnámálum og brótti íslenskra athafnamanna. En íslensk þjóð er líka leiksoppur voldugri ytri afla. Það er ástæða til að glöggva sig á stöðu Íslands í hinu stóra samhengi.

### *Þrjú þróunarstig kapítalismans.*

Sú greining sem hér fer á eftir byggir á þeim megin skilningi að ríkjandi efnahagskerfi í heiminum í dag sé kapítalismi á stigi heimsvaldastefnu. Samkvæmt marxískum skilningi sprettur heimsvaldastefna af útpensluhneigð auðmagnsins, hún og er samofin eðli kapítalismans. Útpensluhneigð hans hefur verið mismikil eftir tímabilum. Kapítalismi hefur þróast gegnum nokkur stig; mjög gróf skipting á söguskeiði hans – skipting sem markar þróunarstig hans – er á þessa leið:

1. Merkantilismi (kaupskaparstefna), kapítalismi innan samfélaga sem enn voru í meginatriðum forkapítalísk. Þetta skeið átti vissulega sína heimsvaldastefnu allt frá landafundunum miklu, yfirtöku Evrópumanna á Ameríku, helförina gegn indjámum, seinna þrælaverslunina yfir Atlantshafið með meiru. Sú heimsvaldastefna var einmitt náð samofin kaupskapar-auðmagninu, fremur en lénsaðlinum sem grundvallaði völd sín á jarðeignum eins og áður.
2. Tímabil frjálsrar samkeppni var gróflega áætlað tíminn 1800–1870, sá tími þegar kapítalismi ruddi sér til rúms með iðnbyltingu í vestanverðri Evrópu og N-Ameríku (og var sá tími sem Karl Marx rannsakaði). Sóknin í gróða er innsta eðli auðveldskerfisins og birtist í upphleðsluhneigð, útpensluhneigð. En á þessu skeiði hélst upphleðsla og endurnýjun auðmagnsins hlutfallslega mest innan sjálfra landanna sem gengu gegnum kapítalíska endursköpun, þ.e.a.s. hélst innan samfélaganna á sjálfu kjarnasvæði hins unga auðvaldsskipulags – sem stunduðu jafnframt vaxandi vöruútflutning og kaupskap sín á milli.
3. Tímabil eiginlegrar kapítalískrar heimsvaldastefnu er tíminn eftir 1870. Þá fór auðmagnið í kjarnalöndum kapítalismans af stigi frjálsrar samkeppni yfir á stig einokunar. Eftir það batt auðmagnið ekki starfsemi sína við eigið heimaland. Marxistar skýra þessa útrásarhneigð með innbyggðri tilhneigingu kapítalismans til kreppu: Tilhneigingin er sú að arðvænlegum fjárfestingarmöguleikum á heimamarkaði fækkar svo auðmenn leita út yfir landamærin á höttum eftir auðlindum, mörkuðum og fjárfestingum. Þetta tímabil hófst á uppskiptingu Afríku og harðvítugri nýlendustefnu heimsveldanna í Asíu til að „opna markaðina“ fyrir evrópsku auðmagni. Fjármagnsútflutningur varð eitt megin einkenni efnahagslífsins. Gagnlegt er að viðhafa nánari tímabilaskiptingu innan þessa síðasta skeiðs, t.d. tvískiptingu:
  - 3a. Tímenn 1870–1945 má líta á sem tíma klassískrar heimsvaldastefnu (skilgreind m.a. af Hilferding og Lenín) og einkenndist af einokunarhringum (trust), sölusamböndum (syndikat) og samsteypum (kartell), drottun banka og fjármálaauðmagns, enn fremur samkeppni evrópskra heimsvelda um áhrifasvæði, enduruppskiptingu þeirra með valdi, m.a. í tveimur heimsstyrjöldum.
  - 3b. Tímenn eftir 1945 hefur einkenst af drottunarstöðu Bandaríkjanna (m.a. með dollara sem ríkjandi alþjóðlegan gjaldmiðil) og fáveldi risaaúðhringa. Innan

Þessa tímabils voru áratugir sem einkenndust annars vegar af eftirköstum heimskreppu og heimsstyrjaldar og hins vegar af „kerfissamkeppni“ við „austurblokkina“ svonefndu jafnhliða ákveðinni málamiðlun á heimavelli við endurbótasinnaðan sósíalisma og verkalyðshreyfingu. Þessi tvöföldu áhrif sósíalisma virkuðu hamlandi á hnattræna friverslun vöru og fjárfestinga. Hvenær austurblokkinn hvarf aftur á braut kapitalisma er umdeilt, en hvort sem það var fyrr eða síðar er ljóst að tilvera hennar (og kreppa og styrjöld) var aðeins tímabundin truflun á stöðugri hnattvæðingu auðmagnsins.

### *Samhengi heimsvaldastefnu og efnahagspróunar*

Eftir að kapitalískur markaður varð að heimsmarkaði á 18. og 19. öld hefur þróun landa og samfélaga ólíkra heimshluta hangið kyrfilega saman. Þó horft sé framhjá hinum beinu pólitísku afskiptum og hernaðarlegum yfirgangi heimsveldanna og jafnvel horft framhjá beinum fjárfestingum þeirra utanlands er ómögulegt að skilja hagsögu og þjóðasögu einstakra landa og samfélaga nema að skoða þau í tengslum við þróun kapitalísku markaðar og afgerandi – en mismunandi – áhrif hans á þau.

Á 19. öld féllu dómar manna mjög í þá átt að kapitalisminn virkaði frelsandi á framleiðsluöflin, eins og Marx og Engels lýstu manna best í Kommúnistaávarpinu. Á 20. og 21. öldinni hafa auðvaldssinnar áfram haldið þeirri sömu staðhæfingu fast að okkur. Borgaralegir hagfræðingar boðuðu lengi þá trú að með því að fylgja hinu vestræna fordæmi á braut borgaralegs lýðræðis og tæknilegrar nývæðingar myndu vanþróuð ríki fljótlega komast í sömu slóð og á svipað stig og hin þróuðu Vesturlönd. En staðreyndirnar blasa við: Á öllum svæðum hefur þróun kapitalismans komist í æ skarpari mótsögn við samfélagslegar og mannlegar þarfir. Vaxandi misskipting innan kapitalískra ríkja er risavaxið þjóðfélagsból út af fyrir sig. En hvernig urðu áhrif kapitalismans á efnahagspróun ólíkra landa? Áhrifin urðu yfirleitt gerólík eftir því hvar viðkomandi land var stadd á þróunarbrautinni í lok 19. aldar, þegar kapitalisminn þróaðist á heimsvaldastig. Var landið þá á miðsvæði hins kapitalíska efnahagskerfis eða var það úti á jaðarsvæði? Segja má að þegar kapitalisminn þróaðist yfir á stig einokunar hafi jafnframt átt sér stað svæðisbundin einokun þróunarinnar. Löndin á jaðarsvæðunum urðu í efnahagslegu tilliti hjálendur metrópólanna á kjarnasvæði kapitalismans – og festust þar. Til varð járnslagið munstur, eins og álög sem afar erfitt var að komast undan. Gangverk hins heimsvaldasinnaða kapitalisma kom því til leiðar að lönd á kjarnasvæðum áttu tiltölulega greiða leið til þróunar en lönd á jaðarsvæðum sátu föst í vanþróun. Þekktur rýnir heimsvaldastefnunnar, Samir Amin, orðar þetta svo:

Í þessu seinna stigi heimsvaldastefnunnar [eftir ca. 1870] liggja rætur mesta vandamáls sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir: yfirþyrmandi klofningur sem aukið hefur ójöfnuð milli þjóða frá hámarkshlutfallinu tveir á móti einum kringum 1800 í hlutfallið 60 á móti einum nú á dögum, og aðeins 20% jarðarbúa býr á svæðum sem njóta góðs af kerfinu.<sup>1</sup>

Amin talar hér um hámarks mismun, en vel má sýna þróunina með meðaltölum. Um 1820 hafði Vestur-Evrópa 2,5 sinnum meiri þjóðarframleiðslu á mann en sunnanverð Asía (núverandi Indland, Pakistan, Bangaladesh og Burma) en um

<sup>1</sup> "Imperialism and Globalization" [www.monthlyreview.org/0601amin.htm](http://www.monthlyreview.org/0601amin.htm)

1990 var munurinn orðinn 15-faldur.<sup>2</sup> Hnötturinn Jörð situr nú uppi með eitt heildstætt efnahagskerfi, heimsvaldakerfið, sem felur í sér kerfisbundna misskiptingu auðs og valda. Það er hannað út frá háþörfun gróða hinna ríku og völdugu en ekki út frá velferð alþýðu og þjóða heims.

Þegar á 19. öld, á tímabili sem kennt er við frjálsa samkeppni, kom í ljós að samkeppni framleiðslukerfa á ólíku þróunarstigi virkaði sem tæki til eignarsviftingar. Gegnum ójöfn viðskipti kapítalista á ólíkum svæðum hirti sá sterkari allan virðisaukann (gróðann). Alþjóðlegur kapítalískur markaður kemur einmitt framleiðslukerfum á misjöfnu þróunarstigi í gagnkvæma snertingu, og hann hefur tilhneigingu til að efla sterkara svæðið en draga þróttinn úr hinu. Það verður til eignatilfærsla gegnum ójafna samkeppni.

Fríverslunin var og er vopn hins sterka. Í sögunnar rás hafa það verið lönd með efnahagsleg yfirtök sem beittu sér harðast fyrir fríverslunarstefnu. Alla 19. öld hafði England mikið efnahagslegt forskot á önnur lönd; þá reyndi það að þvinga fríverslun upp á þau til að njóta góðs af þeirri eignatilfærslu sem það hafði í för með sér. Nokkrum öðrum ríkjum – fyrst og fremst í Vestur-Evrópu og N-Ameríku – tókst samt að nýta sér tæknilegar framfarir og þróa sig, en í flestum tilfellum tókst þeim það aðeins með því að beita verndarstefnu og búa sér þannig til skjól fyrir heimsmarkaðnum um lengri eða skemmri tíma. Meirihluti Vestur-Evrópuríkja fylgdu fríverslunarstefnu aðeins á litlum hluta þess skeiðs sem kennt er við fríverslun.<sup>3</sup> Eftir 1945 hafði svo bandaríska hagkerfið náð svipuðum efnahagslegum yfirtökum og England hafði áður. Þá var ekki að sökum að spyrja að Bandaríkin ýttu mest á um fríverslun og komu í því augnamiði upp stofnunum eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, GATT, Heimsviðskiptastofnuninni m.m. Þegar þar var komið sögu gekk nýjum löndum miklu verr en á 19. öld að komast á braut framfara.

Í lok 19. aldar og upphafi þeirrar 20. var einokun tekin við og heimsvaldasinnað auðmagn fór að flæða út yfir landamærin og út um heiminn í stórum stíl. Kapitalisminn breiddist út um allan hnöttinn. En nú var hann orðinn heimsvaldasinnaður kapitalismi og dugði ekki að skoða hann einfaldlega sem kapitalisma. Heimskapitalisminn myndaði nú eina heild tveggja svæða, hann skiptist í þróaðan kapitalisma á kjarnasvæðum og vanþróaðan kapitalisma á jaðarsvæðum. Þessi tvö form kapitalisma hafa síðan lifað í sambyli líkt og sníkjudýr og hýsill í lífríkinu. Einokunin jók á ójöfnuðinn í viðskiptum milli svæðanna. Arðrán auðmagnsins birtist því einnig sem landfræðilegt arðrán þótt það hefði alveg sama stéttareðli og áður. Gjáin milli miðju og jaðars varð síðan æ breiðari og skrefið frá vanþróun til þróunar sífellt þyngra. Saga 20. aldarinnar er sagan um það hvernig heimsvaldasinnaður kapitalismi hindraði ný lönd í að taka skrefið frá vanþróun til þróunar.

Skrefið til þróunar snérist lengi vel fyrst og fremst um iðnvæðingu. Sárafáum nýjum löndum tókst að taka þetta skref, og það tókst almennt ekki með markaðslegum aðferðum. Tilhneigingin var sú að ef iðnvæðing tókst á annað borð kostaði það gífurlegt pólítískt átak: Með miklum ríkisafskiptum og innflutningsvernd m.m. var iðnaður byggður upp í skjóli og skipulega hamlað

<sup>2</sup> Angus Maddison, *Monitoring the World Economy*, 1995, Paris & OECD

<sup>3</sup> Þessari evrópsku þróun lýsir Dieter Senghaas vel í bók frá 1985, *The European Experience*, sjá einnig grein hans "Modernity and Anti-modernity Facing Cultural Globalization" [www.boell-meo.org/download\\_en/senghaas\\_en.pdf](http://www.boell-meo.org/download_en/senghaas_en.pdf)

gegn niðurbrotandi áhrifum heimsmarkaðarins á hann meðan hann var veikburða. Þetta átti t.d. við um svo ólík lönd sem Sovét-Rússland og S-Kóreu.

### *Sjáfsákvörðunarréttur þjóða og tilfærsla byltingarinnar*

Ég ítreka: Með tilkomu einokunar og heimsvaldastefnu varð fjármagnsútflytningur eitt helsta tilveruskilyrði kapítalismans. Á 19. öld var sjáfsákvörðunarréttur þjóða keppikefli borgarastéttarinnar en á hinu nýja þróunarstigi varð sá sjáfsákvörðunarréttur að söluvöru. Einokunarauðvaldið hóf að brjóta niður hið efnahagslega og pólitíska form þjóðrikisins. Það leggur undir sig hagkerfi annarra þjóða og það gerir bandalög við einokunarauðvald annarra landa, allt út frá gróðahagsmunum og eftir hlutfallslegum styrk, en fullveldi og þjóðlegir hagsmunir verða víkjandi. Þetta hafði nokkrar stórfelldar pólitískar afleiðingar:

1) Hið landfræðilega arðrán sem áður var nefnt þýðir það að þjóðir heimsins skiptust í grófum dráttum í kúgandi þjóðir og kúgaðar. Þar með breyttist hlutverk hins þjóðlega þáttar í sögulegri framvindu, og baráttan fyrir efnahagslegu og pólitísku sjálfstæði þjóða fékk nýtt og aukið vægi. Baráttan fyrir þjóðlegu fullveldi og sjáfsákvörðunarrétti varð í andstöðu við ríkjandi öfl heimsvaldasinnnaðs kapítalismans.

2) Þróun auðmagnsins yfir á heimsvaldastig leiddi af sér breyttar átakalínur miðað við kapítalisma frjálsrar samkeppni. Marx og Engels lýstu stéttabaráttunni sem baráttu milli tveggja andstæðra stétta, borgara og öreiga, og að sú víglína framlengdist þvert á öll landamæri. Þessi víglína var vissulega áfram á sínum stað, en á 20. öld urðu ekki síður mikilvægar andstæðurnar (móthverfa) á milli annars vegar heimsvaldastefnunnar og hins vegar undirokaðra þjóða. Það hefur áhrif á átakalínur innan undirokaðara þjóða og flækir hina einföldu línu milli borgara og öreiga.

3) Sömu orsakir ollu því jafnframt að víglínur byltingarinnar breyttust.

Landfræðilegt munstur hins heimsvaldasinnnaða arðráns skýrir þá staðreynd að uppreisnir gegn kapítalísmannum og brennidepill byltingarsinnnaðrar baráttu á 20. öld færðust til: frá kjarnasvæði kapítalismans á Vesturlöndum og stefndu út á jaðarinn í austri og suðri: til Rússlands, til Kína, Indó-Kína, Kóreu, Cúbu, Nepal.. Saga sósíalísmans er að miklu leyti saga um það að fátæk lönd rifu sig út úr hinum kapítalíska markaði til að komast út úr skilmálunum sem heimsvaldakerfið setti þeim.

Það að þessar þrjár ofanefndu pólitísku afleiðingar eigi sér sömu orsök veldur því að baráttan fyrir þjóðlegu sjálfstæði og baráttan gegn kapítalísmannum sjálfum hafa blandast mjög saman á heimsvísu, og á hinn fjölbreytilegasta hátt. Eftir að heimshreyfingu sósíalísmans hnignaði á seinni hluta 20. aldar hefur andófið gegn heimsvaldastefnunni aftur farið meira fram á grundvelli þjóðernis og trúarbragða (einkum íslam). Þar sem slík samkennd og sjálfkennd (ídentitet) fólks eru sterkir þættir í tilveru nútímamanna er um eðlilegt og jákvætt andóf að ræða. Hins vegar verður slíkt andóf sem ekki ræður yfir greiningu á orsökum og eðli heimsvaldastefnunnar miklum takmörkunum háð og raunar fálmt í myrkri. Þess vegna er raunveruleg sókn á þessu sviði komin undir nýrri sókn sósíalískrar hreyfingar – hreyfingar sem nær að sameina hina stéttarlegu og hina þjóðlegu þætti.

### *Nýfrjálshyggjan og systur hennar tvær*

„Alþjóðavæðing“, þ.e.a.s. vaxandi samanfléttun þjóðlegra hagkerfa, er grundvallareinkenni á kapítalismannum. Eins og áður segir olli tilkoma Austurblokkarinnar og sósíalískra ríkja vissri truflun á „alþjóðavæðingu“ auðmagnsins. Endurreisn hagkerfanna í Vestur-Evrópu og Japan og víðtæk kaldastríðs-hervæðing Bandaríkjanna leysti tímabundið fjárfestinga- og penslupörf auðmagnsins á eftirstríðsárunum. En útrásarpörfin hafði ekki minnkað. Stórauðvald kjarnaríkjanna (einkum Bandaríkjanna) kom upp yfirþjóðlegum stofnunum til að vinna að „opnun markaðanna“ fyrir hið frjálsa flæði – sérstaklega fyrir stóraukinn útflutning bandarísks fjármagns. Til þess var komið á Bretton-Woods kerfinu með dollarann sem alþjóðlegan gjaldmiðil, og settar voru upp stofnanir eins og Heimsbankinn, Alþjóðdagjaldeyrissjóðurinn, seinna GATT/ Heimsviðskiptastofnunin auk svæðisbundinna bandalaga eins og ESB, NAFTA (í N-Ameríku) og APEC (á Asíu-Kyrrahafssvæðinu).

Undanfarnir 2–3 áratugir eru tími sem kenna má við þríhliða sókn heimsauðvalds og heimsvaldasinna: nýfrjálshyggju, hnattvæðingu og fjármálavæðingu. Tilkoma Thatcherismans 1979 og fall múrsins 1989 voru áfangar á þeirri leið. Með „nýfrelsi“ markaðsaflanna (liberalization) var stefnu einkavæðingar og hins frjálsa flæðis komið á með illu eða góðu uns hún var alþjóðlega viðurkennd – og einráð. Það fól jafnframt í sér kröfu um aukna hnattræna verkaskiptingu og aðlögun þjóðríkja að heimsmarkaði. Í því ferli brustu flestir stíflugarðar og hömlur á hnattvæðingu viðskiptanna. Framleiðslu- og fjármálarisarnir hafa síðan ruðst fram mun hraðar en áður, vettvangur þeirra er hnötturinn allur, takmarkanir landamæra eru eitur í þeirra beinum. Samþjöppun auðsins er gífurleg og handhafar þeirra vörumerkja sem eru í umferð verða sífellt færri. Jafnframt því átti sér stað fjármálavæðing, vaxandi yfirdrottun fjármálageirans í efnahagslífinu sem að sínu leyti stuðlaði að hraðari fjármagnsflutningum um allann hnöttinn.

Tökum Lenín fram úr bókahillunni. Bók hans um heimsvaldastefnuna talar beint inn í nútímann:

*Vöruútflutningur var einkenni gamla auðvaldsins þegar frjáls samkeppni var alls ráðandi. Utflutningur fjármagns er orðið einkenni nútíma kapítalisma þar sem einokun drottnar.<sup>4</sup>*

Lenín skrifaði bók sína 1915, og sannast sagna var fjármagnsútflutningur þá ennþá hlutfallslega lítill miðað við vöruútflutning, en ítarleg greining sýndi að þróunin lá í þessa átt. Auðvaldsríkin svöruðu hins vegar kreppunni 1930 með verndarstefnu og samdrætti í heimsviðskiptum, sem jukust ekki að ráði fyrr en eftir 1950. Svo kom olíukreppa og nýr samdráttur á 8. áratugnum. Miðstöðvar heimsauðvaldsins brugðust þá öfugt við miðað við 1930: með „tatcherisma“ og „reaganomics“, þ.e.a.s. nýfrelsi markaðsaflanna og hnattvæddu fjármagnsflæði. Stórt skref í þeirri þróun varð svo Úrúgvæ-lota GATT-samninganna árið 1994 sem snérist fyrst og fremst um frelsun á flæði fjármagns, en áður höfðu GATT-samningar snúist um verslun með vörur. Sömu stefnu var nú rudd braut á vettvangi Heimsbankans og Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins. Sama ár var NAFTA stofnað fyrir N-Ameríku, en „innri markaður“ ESB árið áður og byggði á nákvæmlega sömu prinsippum. Allar þessar ráðstafanir og viðfangsefni þessara stofnana á þeim tíma sem fór í hönd lutu að því að brjóta niður hvers konar hindranir gegn frjálsu fjármagnsflæði og búa á þann hátt til hagfelldara fjármálaumhverfi fyrir auðhringa um heim allan – og íhlutanir þeirra og valdboð gagnvart þjóðríkjunum jukust ár frá ári.

<sup>4</sup> Lenín, *Heimsvaldastefnan. Hæsta stig auðvaldsins*, Rvk. 1961, bls. 79

Fjármálavæðingin er skilgetin systir nýfrjálsbyggjunnar, og fjármagnsútflytningurinn hefur einmitt vaxið hraðast í fjármálageiranum. Með hinni miklu þenslu hnattrænnar banka- og fjármálastarfsemi einkum eftir ca. 1980 hefur fjármagnsútflytningur auðhringanna aukist með ótrúlegum hraða. Dæmi: Hlutfall Bandaríkjanna af heildarfjármagnsútflytningi í heiminum er lægra en það var en engu að síður lætur nærri að beinn fjármagnsútflytningur Bandaríkjanna árið 2006 sé 800 sinnum meiri en hann var árið 1970!<sup>5</sup>

Efnahagslega boðar þessi mikli fjármagnsútflytningur hagræðingu og aukna gróðamöguleika (en enga lausn á innbyggðri krepputilhneigingu kerfisins!). Stjórnómálalega felur hann í sér gífurlega valdatilfærslu frá hvers konar þjóðkjörnu valdi til markaðsaflanna. Einn auðhringur kaupir upp heilar atvinnugreinar nokkurra ríkja. Segja má að slík pólitísk þróun minni helst á ástand eins og ríkti fyrir frönsku byltinguna þegar lönd og hertogadæmi gengu í skiptum og endurskiptum milli konunga út frá árangri í hernaði, gullforða, mægðum og öðru slíku.

Það er mikil tilhneiging að líta á nýfrjálsbyggjuna sem pólitíska stefnu en hin fyrirbærin, hnattvæðingu og fjármálavæðingu, hins vegar sem „eðlilega þróun“. Segja má að nýfrjálsbyggjumenn og hægri kratar keppist um að líta á þessi fyrirbæri sem efnahagsleg lögmál, ef ekki náttúrulögmál. Fyrir sósíalista og alþýðu er hins vegar afar mikilvægt að hafa í huga að hnattvæðing og fjármálavæðing eru systur nýfrjálsbyggjunnar.<sup>6</sup> Systurnar þrjár eru þrjár hliðar á sama ferli. Það ferli er ekki lögmálsbundið heldur er um að ræða viðvarandi sókn einokunaraúðvalds og heimsvaldasinna og stórnómálaafli á þeirra snærum – og samsvarandi undanhald verkalyðs og alþýðuhreyfinga. Þetta er mikilvægur munur af því náttúrulögmálum er fráleitt að andæfa en sókn auðvaldsins er ekki bara mögulegt heldur nauðsynlegt að andæfa.

### *Hardt og Negri um endalok heimsvaldastefnunnar*

Að ofan var það nefnt að þróun heimsvaldastefnunnar hefði lokað nýjum þjóðum leiðinni til iðnvæðingar. Í lok 20. aldar varð nokkur breyting á þessu og iðnframleiðsla hefur færst í vaxandi mæli yfir á svæði sem til þessa hafa búið við vanþróun. Talað er um „verksmiðjuflóttu“ í þessu sambandi. Segja má að hlutfallslegur samdráttur iðnframleiðslunnar í kjarnaríkjunum sé eitt einkenni þróunarinnar á síðustu áratugum. Á hinn bóginn gerist það líka að iðnaður afbyggist á svæðum þar sem hann hafði komist á legg, að lönd beinlínis „af-iðnvæðist“ (t.d. í Austur-Evrópu og hlutum S-Ameríku). Spurningin er þá hvort skipting hnattarins í efnahagsleg miðsvæði og jaðarsvæði hafi raskast, eins og ýmsir halda fram, og hvort heimsvaldastefnan hafi breytt um eðli eða sé kannski ekki lengur nytsamlegt hugtak.

Stór hluti iðnframleiðslunnar hefur á síðustu áratugum færst yfir til þróunarríkja og þá sérstaklega svonefndra „newly industrialized countries“. Hún hefur dreifst meira um heiminn en áður og sumir hafa talað um „hnattræna valddreifingu“ í því

<sup>5</sup> Carl Pinkston, "Advanced Imperialism: A Phase of Capitalism"  
[www.globalresearch.ca/index.php?context=va&aid=9453](http://www.globalresearch.ca/index.php?context=va&aid=9453)

<sup>6</sup> Sjá grein John Bellamy Foster um þessar systur þrjár, „The Financialization of Capitalism“, <http://www.monthlyreview.org/0407jbf.htm>

sambandi. Í framhaldinu er gjarnan talað um vestrænu kjarnríkin sem „þekkingarsarsamfélög“ og „eftir-iðnríki“. Í þessu samhengi hefur orðið alsíða að tala um „hnattvæðingu“ í staðinn fyrir eldra hugtakið heimsvaldastefnu. Þeir sem líta hnattvæðinguna jákvæðum augum segja að hún sé í eðli sínu annað en heimsvaldastefna. Ýmsir tala um brotthvarf andstæna jaðar – miðja. Mestu talsmenn hnattvæðingar halda á loft þeirri skoðun að nú séu landamæri þjóðríkja almennt orðin tímaskekkja.

Það er athyglisvert að þeir sem mest hafa lofað efnahagslega hnattvæðingu síðustu áratuga kenna sig nokkuð jöfnum höndum við hægrímennsku og vinstrímennsku. Nýlega voru á ferð á Íslandi tveir víðfrægir róttæklingar, M. Hardt og A. Negri, höfundar bókarinnar *Empire*.<sup>7</sup> Ég geri þá hér að umtalsefni í fyrsta lagi vegna nýlegrar og umtalaðrar heimsóknar þeirra til Reykjavíkur og einnig af því að hugmyndir þeirrar eru að mörgu leyti dæmigerðar fyrir ákveðna vinstriafstöðu gagnvart hnattvæðingunni sem verið hefur í tisku undanfarið. Boðskapur róttæklinganna tveggja er m.a. á þessa leið:

*Heimsvaldastefnan er ekki lengur til. Hnattvæddan heimskapítalisma má kalla „Veldið“, og það veldi er án miðju: Með hinni miklu „dreifingu framleiðslunnar er ekki lengur hægt að afmarka stór landfræðileg svæði sem miðju eða jaðar“ (bls. 333). Við hefur tekið hið „frjálsa flæði“ og flókin tengslanet. Þar sem heimsvaldastefnan er horfin er baráttan gegn henni úrelt. „Veldið“ opnar landamærin og bindur enda á fullveldi hinna einstöku ríkja sem hefur verið notuð hvað mest af valdstjórnnum til að aga og kúga þarlenda alþýðu. Hnattvæðingin gerir menn frjálsari. Það er tímaskekkja að verja þjóðlegt sjálfstæði. Engin þjóð verður heimsstjórnandi líkt og Evrópuþjóðirnar voru. Stríðsrekstur Bandaríkjanna hefur m.a.s. breytt um eðli: Þau reka nú utanríkisstefnu á grundvelli efnahagssprinsippa (fríverslunar) og alþjóðaréttar, ekki út frá heimsvaldastefnu á grunni þjóðríkis. Frá bandarískum sjónarhóli var Vietnamstríðið endalok hinnar heimsvaldasinnuðu viðleitni. Persaflóastríðið 1990 sýndi Bandaríkin sem eina aðila færán um að fullnusta alþjóðarétt, ekki í krafti þjóðlegra hagsmuna heldur í nafni alþjóðlegs réttar (bls. 178, 180). Um átökin milli annars vegar hnattvæðingar viðskiptanna og ríkja sem leitast við að verja þjóðlega efnahagslega sjálfsákvörðun segja þeir.*

*Við fullyrðum staðfastlega að uppbygging Veldisins sé skref fram á við í því að losa okkur við alla fortíðarþrá gagnvart því skipulagi valds sem áður var við lýði, og höfnum allri pólitískri stjórnlist sem felur í sér endurhvarf til gamla skipulagsins, svo sem eins og að ætla að vekja þjóðríkið upp frá dauðum í varnarskyni gegn alþjóðlegu auðmagni. (bls. 43)*

*„Veldið“ (hnattvæðingin) hefur sem sagt bundið enda á þjóðernisstefnu, nýlendustefnu, heimsvaldastefnu og opnað sviðið fyrir hinn alþjóðlega eðlisþátt og því hljótum við – segja þeir – að fagna. Þeir segja að vísu að misskiptingin manna á milli hafi síst minnkað og því þurfi að afnema kapítalsimann, en: „á sama hátt og „Veldið“ bindur enda á grimmar valdstjórnir nútímans eykur það möguleikana á frelsun.“ (bls. 44) Hvernig áhrifamöguleikar alþýðu aukast eftir því sem hnattvæðing auðhringanna eykst er eðlilega afar þokukennt í bókinni *Empire*.*

<sup>7</sup> Hardt/Negri, *Empire*, Harvard University Press 2000, sem PDF-skjal <http://www.angelfire.com/cantina/negri/HAREMI>



Það má kannski segja bókinni til varnar að hún kom út árið 2000, ári fyrir 11. september, sem markaði upphaf lítt harðvítugri hernaðarstefnu og landvinningastefnu Bandaríkjanna. En hinn ríki þáttur hersins í uppbyggingu hins ameríska heimsveldis á sér samt miklu lengri sögu – raunar óslitna a.m.k. allt frá seinni heimsstyrjöld – og er rækilega innbyggður í efnahagskerfi sem og hugmyndafræði risaveldisins. Sú hrein-efnahagslega hnattvæðing auðhringanna sem bókin lýsir getur alls ekki skýrt þessa valdbeitingu, og ekki styrjaldirnar sem hrannast upp fyrir tilstilli heimsvaldasinna.

### *Felur hnattvæðingin í sér „valddreifingu“?*

Þeir sem, líkt og Hardt og Negri, telja hnattvæðingu eðlisólíka heimsvaldastefnu tala gjarnan um auðhringana stóru sem „alþjóðlega“. Slíkt lýsingarorð er villandi. Risaauðhringarnir starfa vissulega á alþjóðavísu en þeir eiga undantekningarlítið eitt heimaland, þannig að það er jafnvel sjaldgæft að „útlendingar“ sitji í stjórn „alþjóðlegra auðhringa“. Að evrópskum auðhringum sé stjórnað af mönnum frá tveimur eða fleiri löndum innan ESB kemur að vísu alloft fyrir, en það er undantekning og ber þá að hafa í huga að ESB er efnahagsblokk og nálgast það að vera sambandsríki. Af 100 stærstu auðhringum heims eru yfir 90 frá Bandaríkjunum, ESB eða Japan. Yfir 80% af erlendum frjárfestingum á heimsvísu eru frá sömu löndum.

Suður-Kórea og Tæwan voru lengi notuð af auðvaldssinum sem dæmi sem afsönnuðu þá staðhæfingu að þróunarriki næðu ekki að taka stökkið til iðnvæðingar. Þau voru sögð hafa náð að byggja upp útflutningsiðnað með þeim aðferðum sem frjálshyggjan boðar: aðlögun að heimsmarkaði. En raunar náðu þau þeim árangri með miklum ríkisafskiptum og tímabundinni verndarstefnu. Þessi tvö lönd voru á sínum tíma hreinar undantekningar. En síðustu áratugi hafa önnur lönd bæst við og nú er notað hugtakið „nýiðnvædd lönd“, NIC-lönd. Eins og hugtakið er skilgreint inniheldur það nú um stundir þessi lönd: Indland, Kína, S-Afríku, Mexíkó, Brasilíu, Malasíu, Filippseyjar, Tæland, Tyrkland.

Lítum aðeins á „verksmiðjuflóttann“, þ.e.a.s. þennan flutning iðnframleiðslu til hinna „nýiðnvæddu landa“. Dæmið er einfalt fyrir vestrænt stórauðvald: Það fást kannski 20 kínverskir verkamenn fyrir jafnvirði eins verkamanns heimafyrir og rafeindaverkfræðingur á Indlandi kostar bara brot af því sem því sem einn slíkur kostar á Vesturlöndum. Þess vegna flytja Nike, Siemens eða Hewlett-Packard framleiðslueiningar sínar til Austurlanda og auka gróðann. Hnattrænn tilflutningur framleiðslunnar til lágkostnaðarlanda er augljós aðferð til að auka heimsvaldasinnað arðrán. Það er ekki einu sinni nauðsynlegt fyrir vestrænu auðhringana að eiga framleiðslueiningarnar sem fara austur á bóginn. Þeir þurfa bara að halda yfirráðum yfir þeim hlutum viðskiptalífsins sem gefa mestan virðisauka: rannsóknar- og hönnunar- og þróunardeildum, hátækni, „óefnislegri framleiðslu“ (svo sem hugbúnaði), og síðast en ekki síst vörumerki og einkaleyfisrétti. Fyrirtækin í framleiðslu og umsetningu ákveðinnar merkjavöru mynda fyrirtækjapýramída: Toppur hvers pýramída er stórfyrirtæki eða auðhringur norðan til á hnettinum (oftast í USA, ESB eða Japan) með frægt vörumerki, neðan við þetta fyrirtæki eru svo undirverktakar í einhverju „nýiðnvæddu landi“ og þar fyrir neðan eru margir minni verktakar sem kannski sjá um staka þætti framleiðslunnar sjálfar, í smærri verksmiðjum, jafnvel heimahúsum. Auðhringurinn sér um hönnun, auglýsingu og sölu, og hann hirðir gróðann, en hann liggur einkum í vörumerkinu, eins og t.d. Naomi Klein lýsir ágætlega í „No

*Logo*.<sup>8</sup> Gott dæmi um þetta er efnahagslegt sambýli viðskiptaveldis Wal-Mart (ýmist skráður sem stærsti eða næststærsti auðhringur í heimi) og hraðvaxandi iðnaðar í Kína. Iðnaður í „nýiðnvæddum löndum“ er gjarnan á afmörkuðum „útflutningsframleiðsluvæðum“ í viðkomandi landi sem eru eins og eyjar í hagkerfi þessara landa. Þannig er það í Kína: útflutningssvæðin við ströndina eru hólmar í hafi fátæktar. Slík iðnþróun leiðir ekki til alhliða þróunar þeirra landa á eigin forsendum heldur þróunar á forsendum heimsvaldasinnanna sem þau eru verktakar fyrir.

„Nýiðnvæddu löndin“ eru áfram efnahagslega og félagslega vanþróuð þrátt fyrir iðnvæðingu. Hnattræn tilfærsla framleiðslunnar felur m.ö.o. ekki í sér „hnattræna valddreifingu“. Kína getur sem sagt farið fram úr Bandaríkjunum í iðnaðarfamleiðslu, Kína er risaland og orðið stórveldi, en það breytir ekki stöðu þessara tveggja landa, Kína og Bandaríkjanna, sitt hvoru megin við gjána sem skipta efnahagslífi heimsins í miðju og jaðar. Á tíma „klassískrar heimsvaldastefnu“ (sjá pkt. 3a í upphafi greinar) lagði jaðarinn fyrst og fremst til auðlindir og ódýrar hrávörur til vinnslu á miðsvæðum, en í nýja kerfinu leggur hann einnig til vinnuna og vinnsluna (á lágu verði). Stjórnin og valdið yfir hinu hnattvædda auðmagni er enn í sömu höndum og hún var á fyrri hluta 20. aldar.

### *Vonarljós*

Samt eru hlutirnir ekki óumbreytanlegir. Í fyrsta lagi liggur ákveðin von um breytingar í pólitískri veikingu (í kjölfar efnahagslegrar veikingar) Bandaríkjanna á heimsvísu sem orðið hefur síðustu 3-4 áratugi þrátt fyrir fall Austurblokkarinnar. Í öðru lagi: Stærstu þróunarríkin, svo sem Kína og Indland, hafa mest pólitískt afl og því mesta von um að standast ofurþrýsting auðhringanna og að geta beint þróuninni til innri uppbyggingar á eigin forsendum, þó þau séu enn skammt komin í þeim efnum. Þriðja vonarglætan í myrkviðinu eru efnahagsbandalög meðal þróunarríkja, bandalög sem vinna gegn ofurvaldi heimsvaldastefnunnar. Nokkur dæmi eru um slíkt úr sögu 20. aldar (t.d. bandalag kennt við Bandung-ráðstefnuna í Indónesíu 1955). Nú um stundir binda andstæðingar heimsvaldastefnunnar einna mestar vonir við efnahagsbandalagið ALBA (skammstöfunin þýðir „Bólivarskur valkostur fyrir Ameríku“) sem byggist á efnahagssamvinnu í Mið- og Suður-Ameríku (Kúba, Bólivía, Venesúela, Ekvador, Dóminíka, Nikaragúa og síðast Hondúras), samvinnu um aukið efnahagslegt sjálfstæði, í meðvitaðri og harðvítugri baráttu við fríverslunarbandalög auðhringanna, ALCA/FTAA (Fríverslunarsamningur Ameríku) og NAFTA (Fríverslunarsvæði N-Ameríku), sem eru systkini ESB vestan Atlantsála. Einangrun nýafstaðins valdaráns í Hondúras sýnir og sannar að Bandaríkin hafa ekki svæðið í klóm sér á sama hátt og var fyrir ekki meira en 20 árum. Sú gagnsókn heimsvaldasinna sem valdaránið fól í sér virðist ætla að mistakast og þeir þurfa að sverja valdaránið af sér. Samkvæmt baráttufræðum Hardt og Negri væri hins vegar hagstæðast fyrir þjóðir Latnesku Ameríku ef stjórnvöld þessara ríkja gengju öll í ALCA og byðu auðhringana velkomna til sín, sem flesta og sem stærsta. Það myndi auka hnattvæðingu og „auka möguleikana á frelsun“.

### *Heimsvaldakerfið*

<sup>8</sup> Naomi Klein, *No Logo*, New York 2000, sjá t.d. kafla I og IX

Maður heitir James Petras, prófessor í New York, höfundur 62 bóka sem sjálfur kallar sig „byltingarsinna og heimsvaldaandstæðing“. Hann er einn þeirra sem ég styðst talsvert við í þessari samantekt. Ein nýleg grein hans heitir „Heimsvaldakerfið: stigveldi, net og skjólstæðingar“. Stigveldi heimsvaldakerfisins lýsir hann svo: A) höfuð-heimsvaldaríkin, B) nýtilkomin heimsvaldaríki, C) hálf sjálfstæð skjólstæðingsríki, D) samvinnuþýðir skjólstæðingar [leppar, feitir þjónar]. Flokk A) skilgreinir Petras svo:

Efst í heimsvaldakerfinu eru þau heimsveldi sem grundvalla vald sitt á heimsmælikvarða, valdstéttir þeirra drottna á fjármálamörkuðum og mörkuðum fjárfestinga sem smjúga um hagkerfi heimsins. Á tindi heimsvaldakerfisins standa Bandaríkin, ESB (sjálft mjög lagskipt), og Japan. Undir forustu Bandaríkjanna hafa þau ríðið net „fylgi-stórvelda“ (yfirleitt með svæðisbundið vald) og skjólstæðinga eða undirgefina ríkja sem oft leggja fram herstyrk í staðgengilshlutverki. Höfuðheimsvaldaríkin koma fram sameinuð í því að brjóta niður hindranir gegn framrás þeirra og yfirtökum en á sama tíma keppa þau sín á milli um ítök eigin ríkis og og hagsmuni á heimsvísu.<sup>9</sup>

Á næsta þrepi neðar eru ríki eins og Kína, Indland, Kanada, Rússland og Ástralía. Þau verða fyrir ágangi og yfirgangi heimsvaldasinnna en stunda sjálf útrás á vanþróaðri svæðum. Þau eru bundin höfuðheimsveldunum gegnum hlutdeild í samrekstri á eigin heimavelli en eru heimsvaldasinnuð og keppa í vaxandi mæli við þau um yfirráð yfir auðlindum í vanþróuðum löndum, stundum í löndum sem hafa átt í átökum við Bandaríkin eða ESB-lönd.

Þar fyrir neðan eru lönd sem náð hafa nokkru stigi iðnvæðingar sem grundvallast þó einkum á útflutningi til heimsvaldaríkjanna og eru þeim einnig háð um hvernnd. Þau bjóða því fram aðstöðu bæði fyrir auðhringa og herstöðvar. Í neðsta þrepi kerfisins eru hinir samvinnuþýðu þjónar. Í þeim löndum er stundaður einhliða útflutningur hrávöru og þar ráða einræðislegar elítur, alveg háðar pólitískri og hernaðarlegri hjálp heimsveldanna.

Í viðbót eru lönd sem talist geta „sjálfstæð“ og standa gegn heimsveldunum – hafna t.d. kröfum þeirra um frjálsar fjárfestingar og herstöðvar – og mega því sæta árásum þaðan (Venezúela, Kúba, Íran, N-Kórea, Súdan, Zimbabve) svo og svæði sem verða fyrir heimsvaldainnrásu og barist er um (Írak, Afganiatan, Sómalía, Kólumbía, Súdan, Palestína og Líbanon).

Skipulag heimsvaldakerfisins byggist á valdi eignastétta sem skipuleggja og framfylgja ríkja- og markaðsvaldi, viðhalda yfirráðum yfir arðrænandi stéttaafstæðum heima sem erlendis og skipuleggja leiguheri frá leppríkjum. Undir leiðsögn yfirmanna frá heimsvaldaríkjunum starfa leiguherir við það að eyðileggja óháðar alþýðu- eða þjóðfrelshreyfingar og óháð ríki. Stjórnvöld leppríkja mynda meginhlekk í viðhaldi heimsvaldakerfisins.<sup>10</sup>

Meginatriði í þessari greiningu er að heimsvaldakerfið er aðeins eitt og afar miðstýrt þrátt fyrir verulegar innri andstæður þess. Innan sviga aðhyllist ég enn þá maólsku greiningu að Sovétríkin hafi, t.d. á Brésneff-tímanum, verið

<sup>9</sup> "The Imperial System: Hierarchy, Network and Clients"

[www.lahaine.org/petras/articulo.php?p=1692&more=1](http://www.lahaine.org/petras/articulo.php?p=1692&more=1) bls. 2

<sup>10</sup> sama heimild, bls 3

ríkiskapítalísk og heimsvaldasinnuð, og þar með voru heimsvaldakerfin tvö ellegar að kerfið var tvískauta. En nú, eftir 1990, er aðeins um að ræða einn samhangandi pýramída arðráns og valda – eins og Petras lýsir vel í módeli sínu.

Að valdið í heimsvaldakerfinu er afar samþjappað birtist skýrt í því að í tveimur stríðum sínum í Júgóslavíu og stríði í Afganistan hafa Bandaríkin knúið í gegn beinan stuðning og þáttöku Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, einnig í fyrra stríðinu í Írak. Það tókst ekki í því seinna en skömmu síðar fékkst stuðningur ráðsins við hernám landsins (þ.e. ályktun 1546 um „uppbyggingu“ þess).

### *Hvað skýrir mikla árásarhneigð USA eftir 1990?*

Það er ljóst að eftir fall Sovétblokkarinnar gerðust Bandaríkin herskárri en nokkru sinni. Nægir að nefna áður nefnd fimm stríð í Írak, Júgóslavíu og Afganistan og miklar ógnanir gagnvart Íran, og ekki síst þá djöflamaskínu hugmynda- og vopnastríðs sem nefnist „stríð gegn hryðjuverkum“. Það er vel þekkt staðreynd að Bandaríkin ein eyða nú rúmum helmingi þess sem eytt er til hernaðar í heiminum árlega.

Á kaldastríðsárunum var það hluti af opinberri ímynd Bandaríkjanna að hafna öllu tali um heimsvaldastefnu af þeirra hálfu, enda var stríðið við kommúnismann háð fyrir málstað mannúðar og lýðræðis (!) og í efnahagsmálum voru Bandaríkin málsvari fríverslunar. Á 10 áratug síðustu aldar og sérstaklega eftir 11. september er þetta breytt. Ríkjandi pennar tengdir bandarískum stjórnvöldum og hagsmunum tala nú opinskátt um það að verja þurfi hið bandaríska heimsveldi. Zbigniew Brzezinski hefur verið meðal stefnumótandi hugmyndafræðinga í hinni nýju stöðu eftir 1990 og hann skrifaði í bók sína *The Grand Chessboard* árið 1997:

Fyrir Ameríku eru aðalverðlaunin Evrasía... Evrasía er stærsta meginland á hnettinum og myndar möndul alþjóðastjórn mála. Veldi sem ræður Evrasíu ræður tveimur af þremur þróuðustu og efnahagslega frjósömustu svæðum heims.“ [Ennfremur skrifar Brzezinski:] ...Í fyrsta sinn í sögunni kemur fram ekki-evrasískt veldi sem er ekki aðeins leiðandi gerðardómari um valdaskipan í Evrasíu heldur er æðsta vald á hnettinum. Osigur og hrun Sovétríkjanna var lokaskref í hinni hröðu yfirtöku valds af hálfu vesturhvelsins með Bandaríkin sem eina, og í raun fyrsta, hnattveldið.“<sup>11</sup>

Nokkru áður, eða 1992, höfðu Dick Cheney, Paul Wolfowitz o.fl lagt upp nýja stjórnlist þess efnis að hindra skyldi að mögulegur keppinautur Bandaríkjanna gæti komið fram í Evrópu eða Asíu: „Við [Bandaríkin] verðum að viðhalda því gangverki sem fælir hugsanlega keppinauta frá því að hafa uppi nein áform um veruleg svæðisbundin eða hnattræn áhrif.“<sup>12</sup>

Í samkeppni heimsveldanna undanfarna áratugi eru tveir þættir afgerandi: Annars vegar er það hlutfallslega minnkandi efnahagsstyrkur og markaðshlutdeild Bandaríkjanna (þar meðtalin verksmiðjuflóttinn til austurs á móti

<sup>11</sup> Brzezinski, *The Grand Chessboard: American Primacy and Its Geostrategic Imperatives*, bls. 30-31 og bls. xiii

<sup>12</sup> „Defense Planning Guidance“, minnisblað frá Cheney varnarmálaráðherra 1992, sjá grein í *The New York Times*, <http://work.colum.edu/~amiller/wolfowitz1992.htm>

fjármálavæðingu heima fyrir). Hins vegar hinir miklu hernaðarlegu yfirburðir þeirra. Bandaríkin eru nú mesti skuldari heims, en þrátt fyrir ógnarlegar skuldir, sívaxandi viðskiptahalla og þessa óhagstæðu samkeppni á efnahagssviði viðhalda þau stöðu sinni með einu trompi: því hernaðarlega steinbítstaki sem þau hafa á heimsbyggðinni, og þetta tromp nota þau til hins ýrasta. Undangengin áratug hafa þau einkum rekið stríð sín undir nýju vörumerki:

### „Stríð gegn hryðjuverkum“

Það er rökrétt og algjörlega óhjákvæmilegt að skoða hina gríðarlegu árasarhneigð risaveldisins í ljósi þess að hlutdeild Bandaríkjanna af heimsmarkaðinum hefur minnkað jafnt og þétt á síðustu áratugum, fyrst í keppni við ESB og Japan og síðan einnig við Kína og fleiri lönd. Það þarf ekki lengi að leita að efnahagslegum hagsmunum að baki styrjöldum síðustu ára. Þar eru hagsmunir bandarísks fjármála- og iðnaðarauðmagns í fyrirrúmi: Halliburton, Lockheed Martin, olíurisanna „The Big Five“ (ExxonMobil, ChevronTexaco, ConocoPhillips, BP) o.s.frv. Að baki býr sem sagt baráttan um auðlindirnar og þörfin fyrir að halda keppinautum frá.

Umfjöllun um einstök mál eins og 11. september er utan viðfangs þessarar greinar. Aðeins þetta: Til að leita að orsökum slíkra atburða er óhjákvæmilegt að spyrja hverjir hugsanlega sjái sér hag í þeim: 1) Þeir sem vilja breiða út málstað íslam? 2) Herskáir heimsvaldasinnar sem hafa hug á landvinningum og þurfa réttlætingu fyrir þeim? Svari hver fyrir sig. En eitt er að hafa hag af árasarstríði og annað er að koma því í kring. Í umhverfi svokallaðs lýðræðis þarf samþykki fjöldans sem þarf að færa fórnirnar og yfirvinna meðfædda andstöðu sína við stríði. Að baki hverri heimsvaldastyrjöld býr vel matreidd lygi og þess vegna eiga ögrunaraðgerðir í einhverri mynd sér langa sögu í aðdraganda árasarstríða. Alla vega: Atburðirnir á Manhattan 11. september 2001 komu eins og pantaðir. Þeir urðu réttlæting og startskot fyrir nýja og harðari heimsvaldastefnu Bandaríkjanna undir forystu nýhægrimanna sem þurftu einmitt sárlega á slíkri réttlætingu að halda.<sup>13</sup> Eftir að hin „sósíalíska blokk“ leystist upp var „stríð gegn hryðjuverkum“ fundið upp sem réttlæting fyrir hernaðarviðveru Bandaríkjanna heims um ból. Á 10 áratugnum varð risaveldið eina að fækka herstöðvum sínum, en eftir 11. september var réttlætingin fengin og þeim fjölgaði verulega á ný. Samkvæmt „Base Structure Report“ frá Pentagon höfðu Bandaríkin árið 2008 761 virka herstöð í um 95 löndum utan eigin landamæra. Það er helmingur aðildarlanda Sameinuðu þjóðanna. Þarna liggur hæsta vald heimsvaldakerfisins.

---

<sup>13</sup> Sjá grein mína um þetta efni: „11 september og stríðið gegn hryðjuverkum“  
[http://www.eggin.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=653&Itemid=47](http://www.eggin.is/index.php?option=com_content&task=view&id=653&Itemid=47)

## II. hluti

# ESB og Ísland í heimsvaldakerfinu

### *ESB sem heimsvaldablokk*

Málflutningur gegn ESB-aðild Íslands snýst oftast um einstakar hliðar aðildar: lýðræðishalla, yfirráð yfir sjávarútvegi, neikvæð áhrif á landbúnað, neikvæðar horfur á undanþágum, kostir sjálfstæðrar peningastefnu o.fl. Hér að neðan er lítið fjallað um þessar einstöku afleiðingar. Reynt er hins vegar að skoða ESB og Ísland sem tvær einingar í heimsvaldakerfi nútímans, og erfitt er að skilja einstaka hlekki og tannhjól nema skoða hvernig kerfið virkar í heild. Mat á áhrifum aðildar verður yfirborðskennt nema reynt sé að átta sig á hinu stóra samhengi.

Evrópusambandið, ESB (áður Efnahagsbandalag Evrópu, EBE), hefur frá upphafi byggst á og utan um vesturevrópskt einokunaraudvald og heimsvaldastefnu. Kjarni þess í byrjun voru gömlu nýlendu- og heimsvaldaríki álfunnar sem hafa löngum myndað kjarna þess: Pýskaland, Frakkland, Ítalía, Holland og Belgía frá upphafi, Bretland frá 1973. Í nokkrum skrefum varð bandalagið að efnahagsblokk – í meginatriðum var hún tilbúin með „innri markaðnum“ 1993 – en síðan hefur evrópska valdaelítan kappkostað að fullgera hina stjórnunarlegu einingu, gegnum nýja „stjórnarskrá“ 2004 og Lissabonsamninginn 2007. Til að skapa kraftmikið heimsveldi úr sambandinu þarf styrkingu miðstjórnarinnar, og hún er nú keyrð í gegn í afar vondum lýðræðisbúningi: stjórnarskráin var borin undir almenning í Frakklandi og Hollandi og óðara felld og Lissabonsamninginn – sem er efnislega eins en með þokukenndara orðalagi – á því ekki að bera undir almenning.

Frumkvæðið að gerð „innri markaðar“ EBE/ESB 1993 kom frá öflugasta lobbýhópi sambandsins á 9. áratugnum, iðnaðarauðhringunum í European Round Table of Industrialists. Klúbbur sá var hvað virkastur áratuginn 1988–1998 en lagði þegar árið 1985 fram stefnumarkandi skýrslu, en nokkrum mánuðum síðar kom skýrslan út óbreytt frá Framkvæmdaráði Efnahagsbandalagsins og hét þá *Hvítbók um framkvæmd innri markaðar*. Þar var því lýst að ein og sér stæðust iðnríki Vestur-Evrópu ekki Bandaríkjunum og Japan snúning í samkeppni um heimsmarkaðinn, stofnanalegar hindranir gegn frjálsu flæði vöru, fjármagns, þjónustu og vinnuafls milli landanna hindruðu Efnahagsbandalagið að nýta sér hagkvæmni stærðarinnar.<sup>14</sup> Breytingarnar voru rammi utan um þetta frjálsa flæði (fjórfrælsið), þær fólu í sér stóruáhrif fyrirtækjasamruna og tilflutning fjármagns milli landa innan ESB. Á hinn bóginn voru byggðir traustari múrar en áður utan um ESB-blokkina sjálfa, til að vernda hana frá keppinautunum. Það fól í sér bæði tollmúra og mikið kerfi innflutningskvóta á utanaðkomandi iðnværing.

ESB-löndin verða þannig að efnahagslegri og í vaxandi mæli pólitískri blokk. En þá er þess að geta að ekki er jafnræði þar í flokki. Hið sameinaða vald ESB tjáir fyrst og fremst vald sterkustu ríkjanna, efnahagslega og pólitískt: Pýskalands, Frakklands og Bretlands. Þegar skoðuð er heimsvaldastefna ESB má til hægðarauka skipta henni í tvo þætti. Annars vegar er stækkun sambandsins

<sup>14</sup> Skýrslan hét upphaflega „Europe 1990: An Agenda for Action“, hér sótt í tímaritið *Vardøger* nr. 22, Trondheim, 1994

sjálfs og nánasta áhrifasvæðis þess. Hins vegar er heimsvaldabrölt sambandsins og einstakra stórvelda þess, út á við, vítt um veröldina. Það hentar mér betur að taka síðari þáttinn fyrst.

### *Heimsvaldastefna ESB út á við*

ESB-sinnar segja sem svo: ESB er nauðsynlegt mótvægi við Bandaríkin. En sannleikurinn er sá að ESB hefur alltaf verið í afar nánnum pólitískum og hernaðarlegum tengslum við Bandaríkin. Það kemur þó ekki í veg fyrir að ESB sé í vaxandi mæli keppinautur Bandaríkjanna. Samband þeirra er eðlilega og óhjákvæmilega flókið.

Stærsti þáttur bandalagsins ESB–USA hefur alltaf verið í farvegi NATO-samstarfsins. Til að átta sig á heimsvaldastefnu ESB er því óhjákvæmilegt að skilgreina stöðu sambandsins gagnvart Bandaríkjunum og NATO. Yfirburðir Bandaríkjanna á hernaðarsviðinu eftir kalda stríðið hafa verið gífurlegir. Annars vegar sér ESB hagsmunum sínum á heimsvísu best borgið í nánú samstarfi við herveldið mikla og á hinn bóginn er ESB enn ekki í neinni stöðu til að bjóða því byrginn þótt hagsmunir fari ekki alltaf saman. Eftir 1990 hefur mjög mikilvægur hluti af landvinningum Bandaríkjanna farið fram innan Evrópu, þ.e.a.s. inn á svæði gömlu Austurblokkarinnar. Í þessari sókn hafa Bandaríkin byggt mjög á félagsskapnum við hin gömlu nýlenduveldi Evrópu, sem þau til þessa hafa réttilega talið til síns örugga áhrifasvæðis. Sá hagkvæmnisvinskapur er gagnkvæmur, en árekstrar aukast í takt við vaxandi efnahagsstyrk ESB.

Frá 1990 hefur þróast ákveðið þríhyrningssamband USA – NATO – ESB sem jafnframt felur í sér vissa verkaskiptingu. Vöxtur ESB og vöxtur NATO á svæði gömlu Austurblokkarinnar hefur verið nær algjörlega samstíga. Þó er það svo að innganga ríkis í ESB er yfirleitt einu skrefi á undan og er því undanfari inngöngu viðkomandi ríkis í NATO. Verkefni ESB í þessu samhengi er efnahagslegt – að opna svæðið fyrir vestrænu fjármagni – meðan verkefni NATO er pólitíkt og hernaðarlegt. Á Balkanskaga, á Kákasussvæðinu og nú síðast á Norðurheimskautssvæðinu felur ESB NATO að gæta hinna hernaðarlegu hagsmuna sinna.

Eftir 1990 hefur NATO tekið sér æ víðtækara hlutverk í nánú samstarfi við Bandaríkin: „friðargæslu“ og hernám í kjölfar bandarískra hernaðaraðgerða, „baráttu gegn hryðjuverkum“, tryggingu „orkuöryggis“ fyrir vestræn heimsveldi, tryggingu siglingaleiða... Öll atriðin voru á dagskrá síðasta stóra NATO-fundar, í Búkarsest 2008.<sup>15</sup> Eftir að NATO tók upp „out of area“ stefnuna árið 1999 hefur það gert sig að alheimslögreglu, ekki aðeins „á og kringum evró-atlantssvæðið“ heldur einnig í öðrum heimshornum. Meginmarkmið NATO er að vernda hagsmuni hinna sameinuðu vestrænu heimsvelda, Bandaríkjanna og ESB. Eins og verið hefur síðan 1949 eru Bandaríkin ríkjandi aðili í því hjónabandi. Eftir 1990 eiga USA og ESB sér sameiginleg hnattræn meginmarkmið svo sem yfirráð vestrænna heimsvaldasinna yfir olíusvæðum, innikróun og einangrun Rússlands og Kína og annarra sem skert geta hin vestrænu yfirráð. En hagsmunirnir fara alls ekki alltaf saman eins og vel kom fram í aðdraganda Íraksstríðsins, enda átti það stríð frá upphafi að tryggja bandaríska hagsmuni, m.a. á kostnað evrópskra.

<sup>15</sup> Sjá [http://en.wikipedia.org/wiki/2008\\_Bucharest\\_summit](http://en.wikipedia.org/wiki/2008_Bucharest_summit)

Þar sem NATO hefur séð um hernaðarlega hagsmunagæslu fyrir ESB hefur her á vegum ESB verið afgangsstærð hingað til. En þótt Evrópuherinn sé lítill hefur ESB samt undanfarið gegnt ákveðnara hlutverki í hermálum á heimsvísu en áður. Árið 2004 tók sambandið við hlutverki NATO í „fridargæslu“ í Bosníu og Kosovo. Það er sjálfstæður aðili að viðræðum um Miðausturlönd. Vesturevrópskir herir taka, ásamt Bandaríkjunum, ríkan þátt í stríðum og hernámi í Afganistan og Írak. ESB hefur haft eftirlit með þingkosningum í Afríkuríkjum, sem samræmist vel miklum umsvifum evrópskra auðhringa í Afríku, ekki síst í olíuvinnslu.

Upp á síðkastið hefur ESB látið æ meira til sín taka á svæði því sem var austan jartjalds og inn í gömlu Sovétríkin. Þetta frumkvæði virðist tekið í mjög nánú samstarfi við Bandaríkin og NATO. Eftir fall Sovétríkjanna buðu Bandaríkin og fleiri vestræn heimsveldi fyrrverandi Sovétlýðveldum ákaft til samstarfs, með sérstaka áherslu á olíuauðug lýðveldi kringum Kaspíahafið, sem veldur nú harðnandi árekstrum við Rússa. Ein afurð þess var sk. GUAM-samstarf eftir 1997 (við Georgíu, Úkraínu, Azerbædjan og Moldóvu) og olíu- og gasleiðslur allt til Ceyhan við Miðjarðarhaf, svonefnd Baku-Tbilisi-Ceyhan leiðsla. Liður í sömu sókn er sk. „Austursamstarf“ á vegum ESB sem stofnað var til í ársbyrjun 2009 (eftir Georgíustríðið í ágúst 2008), þ.e.a.s. samstarf við sömu ríki að viðbættum tveimur, Armeníu og Hvíta-Rússlandi. Í tengslum við það hefur ESB nú fridargæslusveitir á landamærum Abkazíu og Georgíu og hins vegar Suður-Ossetíu og Georgíu, í samvinnu við Bandaríkjaher. Á vefsvæði Framkvæmdaráðs ESB er síða helguð Svartahafssvæðinu. Þar má lesa gamalkunnugt tungumál heimsvaldasinnna:

Svartahafssvæðið, sem inniheldur Búlgaríu og Rúmeníu, er í strategískri stöðu milli Evrópu, Mið-Asíu og Miðausturlanda. Evrópusambandið hyggst taka á sig svæðisbundnar skuldbindingar... Svæðisbundin samvinna gæti aukið gildi frumkvæðis á sviði sameiginlegra hagsmuna og þjónað sem brú sem styrkir tengslin við nálæg ríki og landsvæði (Kaspíahafið, Mið-Asíu og Miðausturlönd).<sup>16</sup>

Bandaríkin og ESB hafa hvort sína hagsmuni og væringar eru þegar milli þeirra – sem geta ekki annað en aukist. Sem efnahagsveldi eru Bandaríkin á niðurleið, ESB á uppleið. Hvort átökin milli þeirra munu birtast sem kröfur ESB um aukin áhrif innan NATO eða hvort/hvenær evrópskt einokunarauðvald mun heimta aukin sjálfstæð hernaðarumsvif á vegum ESB mun smám saman koma í ljós.

### *Austur-Evrópa – lífsrými (lebensraum) fyrir vesturevrópska auðhringa*

Með falli austurblokkarinnar og Sovétríkjanna 1989 og 1991 opnuðust dýrðlegir möguleikar fyrir vestrænt fjármagn og heimsvaldasinnna: atvinnulíf opið fyrir einkavæðingu, nýir stórir markaðir og vel menntað, ódýrt vinnuafl. Vesturevrópskir auðhringar stóðu í betri vísstöðu en nokkrir aðrir til að nýta sér fallið, og það gerðu þeir. Það var þýskt auðmagn sem hirti bestu bitana úr iðnaði gömlu austurblokkarinnar. Þegar áratugur var liðinn átti auðvald ESB-ríkja um 80% erlendra fjárfestinga í austurblokkinni utan Rússlands.

Hin „nýja Evrópa“ Evrópusambandsins er lagskipt. Þegar að austurblokkinn hafði sundrast og Rússland lá í eynd og kreppu á 10. áratugnum voru lönd Austur-

<sup>16</sup> "Black Sea Synergy" [www.eubusiness.com/Transport/black-sea](http://www.eubusiness.com/Transport/black-sea)



Evrópu stödd á viðskiptalegu flæðiskeri, sem auðveldaði sóknina á hendur þeim. Að nokkru leyti otaði hver auðhringur og hvert ríki Vestu-Evrópu sínum tota, en árangurinn varð þó miklu betri af því ESB samhæfði aðgerðirnar. Eftir fall „múrsins“ beitti ESB afar meðvitað eigin viðskiptamúrum, talandi fyrir munn vesturevrópskra auðhringa: Ef þið austanmenn viljið versla við ESB-lönd þá gjörið svo vel og gangið í ESB. Aðrir kostir eru ekki í stöðunni!

Árið 2000 lagði Evrópusambandið fram Lissabon-áætlunina, að verða „samkeppnishæfasta hagkerfi heims fyrir árið 2010“. Sú áætlun var kyrfilega samfléttuð við áætlanir um stækkun ESB í austur. Til að geta skorað Bandaríkin og Japan á hólmi á þennan hátt þurfti einkum „sveigjanlegri vinnumarkað“. Fyrirmyndin var einmitt bandaríski vinnumarkaðurinn: veik og sundruð verkalyðshreyfing, markaðslaun og sem allra minnst af heildarsamningum um launakjör, frjálst flæði vinnuafls sem tilbúið er að sækja vinnu óravegu – allt eru þetta merki um „samkeppnishæft hagkerfi“.

Stækkun sambandsins hafði einmitt í för með sér misleitan og sveigjanlegan vinnumarkað. Í iðnaðinum, t.d. bíla-, véla, og raftækjaiðnaði, er munstrið á þá leið að framleiðslan sjálf er á láglaunasvæðunum austurfrá en hönnun, þróun og öll stjórnun er í vestrinu. Í Slóvakíu eru laun í bílaiðnaði 1/8 af launum í Þýskalandi þó framleiðni sé svipuð. Af kápu sem sænski auðhringurinn Hennes og Mauritz selur á um 10.000 krónur fær saumakonan í Rúmeníu ca. 100 krónur. Á skömmum tíma hafa lönd gömlu austurblokkarinnar orðið að efnahagslegum hjálendum á jaðarsvæði vesturevrópskrar heimsvaldastefnu.

Frjálst flæði ódýrs og lausráðsins vinnuafls frá austri setti eðlilega mikinn þrýsting á verkalyðshreyfinguna vesturfrá. Auðvald á „gamla“ ESB-svæðinu (og EES-svæðinu) notfærir sér það sem múrbrjót til að lemja niður laun, „reglugerðabákn“ og „ósveigjanleika“ á eigin svæði, þ.e.a.s. áunnin félagsleg og fagleg réttindi launafólks. Ódýrt vinnuafl flæðir inn á vestræna vinnumarkaðinn með látlausum félagslegum undirboðum. Þjónustutílskipun ESB er sérsniðinn „múrbrjótur“ í því sambandi.

Í hinu nýja umhverfi hafa atvinnurekendur fengið óskastöðu gagnvart stéttarfélögum Vestur-Evrópu. Stórfyrirtæki hóta að flytja sig til lággkostnaðarlanda nema stéttarfélögin gefi eftir varðandi kaup og kjör: General Motors, Daimler-Chrysler, IG-Metal, Siemens. Andspænis þeim standa verkalyðshreyfingar í vestri og austri – í Þýskalandi, Póllandi, Bretlandi, Litháen – sem berjast við atvinnuleysi og reyna að lokka starfseminu til sín. Verkalyðshreyfingar ólíkra svæða undirbjóða hver aðra, í Þýskalandi gekkst verkafólk fyrir nokkrum árum – t.d. í símaframleiðslu Siemens – inn á lengingu vinnutímans án hækkunar launa. Auðhringarnir stilla stjórnvöldum einstakra ríkja upp við vegg og spyrja hver bjóði besta þjónustu, lægst aðstöðugjöld, best skattaumhverfi o.s.frv.

Stækkun ESB til austurs hefur orðið eins og til var stofnað: Með henni hefur versturevrópskt einokunarauðvald styrkt stöðu sína gagnvart „eigin“ verkalyð og jafnframt stórlega aukið gróða sinn og samkeppnishæfni á heimsmarkaði. Jafnframt hefur ESB breyst að gerð: frá því að vera blokk þróaðra og tiltölulega samstæðra iðnríkja hefur það orðið að mjög lagskiptri efnahagsblokk sem innbyrðis hefur greinilega skiptingu í jaðar og miðju. Mætti benda á gamla breska heimsveldið sem hliðstæðu.

## Heimsvaldastefna skuldaprælkunar

Heimsvaldastefna skuldaprælkunar er ákveðið form heimsvaldakúgunar og arðráns sem gegnir miklu hlutverki í heiminum í dag og snerti mjög bæði þjóðir Austur-Evrópu og Ísland.

Það var fleira en iðnaður Austur-Evrópu sem versturevrópskt einokunarauðvald lagði undir sig eftir upplausn austurblokkarinnar. Í jafnvel enn stærri munnbitum hakkaði það í sig fjármálakerfi þessara ríkja. Það gerðist meðan lönd Austur-Evrópu stóðu í biðsalnum fyrir ESB-aðild. Frelsun fjármálamarkaðanna fór fram undir eftirliti AGS og eftir nýjum GATS-reglum („General Agreement on Trade in Services“). Árið 2001 höfðu bankar og fjármálastofnanir þessara landa verið seld vesturevrópskum bönkum í þessum hlutföllum:<sup>17</sup>

| Verðandi ESB-ríki | Erlendur eignarhluti í bönkum 2001 |
|-------------------|------------------------------------|
| Eistland          | 98%                                |
| Búlgaríá          | 90%                                |
| Tékkland          | 90%                                |
| Litháen           | 90%                                |
| Ungverjaland      | 61%                                |
| Rúmenía           | 55%                                |
| Lettland%         | 53%                                |
| Pólland           | 51%                                |
| Slóvenía          | 35%                                |

Þessi vestræna yfirtaka fjármálageirans hefur síðan haldið áfram enn lengra eftir inngöngu ríkjanna í ESB. Vestrænar fjárfestingarnar og lánastarfsemi í fjármálageiranum beindist ekki að alhliða uppbyggingu þessara þjóðfélaga heldur höfðu fyrst og fremst í för með sér skuldsetningu lands og þegna til að taka úr þeim arð í formi vaxta. Annars vegar var einkum um að ræða neyslulán til að fjármagna kaup á innflutningi frá vestrænum auðhringum og hins vegar kaup á húsnæði. Sá víðkunni höfundur og sérfræðingur um heimsvaldastefnu skuldaprælkunar, Michael Hudson (sem kom til Íslands sl. vetur), skrifar um áhrif Evrópusambandsaðildar á efnahag landanna:

Hagkerfi þessara eftir-Sovét hagkerfa hafa orðið hörmulega illa úti eftir að hafa gengið í Evrópusambandið á undangengnum áratug. Nýleg uppbot skuldara, bænda og meðlima verkalýðsfélaga frá Eystrasaltslöndum til Ungverjalands bera skýran vott um þá efnahagslegu ógæfu sem gengið hefur yfir löndin. Það hefur valdið vaxandi óánægju að í stað þess að hjálpa þessum löndum til iðnvæðingar og aukinnar skilvirkni þá hefur Evrópa með sinn Lissabonsamning einfaldlega afhent bankastjórum sínum málin, og þeir litu á þessi lönd fyrst og fremst sem viðskiptavinum sem mætti kaffæra í skuldum – ekki með lánum til að byggja upp framleiðslu- og stoðkerfi, sem löndin þörfuðust sárlega, heldur lán gegn veði í þeim fasteignum og stoðkerfi sem fyrir var.<sup>18</sup>

<sup>17</sup> "Capitalist Crisis: Towards a Western/Eastern Banking and Social Tsunami"  
<http://www.europe-solidaire.org/spip.php?article13710>

<sup>18</sup> "The Financial War Against Iceland" [www.globalresearch.ca/index.php?context=va&aid=13055](http://www.globalresearch.ca/index.php?context=va&aid=13055)

Löndin höfðu vissulega sýnt góðan hagvöxt, 5-8% fyrstu tvö til þrjú árin eftir inngöngu í ESB, og var óspart bent á þann árangur sem vott um sigur ESB, sigur hnattvæðingar og sigur markaðslausnanna í Austur-Evrópu.

En þenslan var sem sagt til komin með skuldasöfnun. Síðla árs 2008 var svo gamli læknirinn, AGS, kallaður aftur á svæðið til að finna nýja meðalagjöf fyrir þá sem hann átti að hafa læknað: Ungverjaland, Lettland, Pólland, Rúmenía, Serbía og Úkraína glímdu nú við gífurlegan efnahagslegan samdrátt, bankakreppu og fjármagnsflóttu. Þar sem fjögur fyrstnefndu löndin eru í ESB höfðu þau reiknað með ýmisskonar stuðningi frá bandalaginu en sú von reyndist haldlítil: þeim var vísað í kalda biðstofu gamla læknisins (AGS), ásamt Íslandi og stækkandi hópi ríkja frá þriðja heiminum og af jaðarsvæði heimsvaldastefnunnar. Gamli læknirinn boðar sama stranga kúr og hann hefur jafnan boðað: Seljið eignir og auðlindir á alþjóðlegri útsölu, skerið niður velferðarkerfið!

Á Íslandi er dæmið líkt: Skuldaheimsvaldastefnan hefur komið sér vel fyrir eftir bankahrunið. Íslenskur almenningur hefur verið festur í skuldafjötra og er blóðmjólkaður af erlendum fjármálaöflum. Haustið 2009 sýnast tveir af þremur stóru íslensku bönkunum vera í þann mund að verða hirtir upp í skuld af evrópskum bönkum, kröfuhöfum eftir hrunið. Salan á Hitaveitu Suðurnesja til Magma Energy á tombóluverði er glögg dæmi um útsölu til erlendra heimsvaldasinna og ills viti um yfirráð Íslendinga yfir auðlindum sínum til framtíðar.

Heimsvaldastefna skuldaprælkunar er vel þekkt úr þriðja heiminum á 9. og 10. áratugnum. Þá lentu æ fleiri 3. heims ríki í skuldakreppu, m.a. í Suður-Ameríku. Vestrænir heimsvaldasinnar notuðu þá kreppu til að þrýsta þessum löndum inn á spor nýfrjálsbyggju, nefnilega með því að þvinga hagkerfi þeirra inn á einhliða, og einhæfa, útflutningsframléiðslu. Tekjurnar af henni hafa síðan farið í að þjónusta lán og innflutning frá heimsvaldaríkjunum. Yfirumsjón með þessum „umbótum“ hafði engin annar en AGS.

### *Ísland og Evrópusamruninn*

Þegar Ísland gekk í EFTA árið 1970 hafði staðið hér allör iðnvæðing í skjóli hafta allt frá 4. áratugnum. Sá iðnaður framléiddi að langstærstum hluta fyrir heimamarkað. Inngangan hafði í för með sér – á 8. áratugnum og þó einkum eftir aðlögunartíma sem stóð til 1980 – að þessi iðnframléiðsla fyrir heimamarkað, klæðaiðnaður, húsgagnaiðnaður, skipasmíðaiðnaður, skógerð, málning, hreinlætisvörur og fleiri greinar sem döfnuðu vel fyrir EFTA-aðild ýmist hrundu eða skruppu mjög saman. Markaðshlutdeild íslensks iðnaðar á heimamarkaði er aðeins lítið brot af því sem hún var. Það er fljótsagt: íslenskur iðnaður fyrir heimamarkað er nánast hruninn.

EFTA-aðildin þýddi að iðnaðinum var ýtt af þessum grunni heimamarkaðar yfir á útflutningsgrundvöll og aðlögun að heimsmarkaði. Þess vegna lifa í landinu einkum þær fáu iðngreinar sem náðu að fóta sig í útflutningi (og reyndar í vinnslu landbúnaðarafurða meðan við erum utan ESB). En vöxtur slíkra útflutningsgreina varð miklu minni en menn vonuðu. Skoðum eftirfarandi tölur frá Hagstofunni:

#### *Hlutur iðnaðar af heildarútflutningi frá Íslandi<sup>19</sup>*

<sup>19</sup> Hagskinna, 504–537 og [www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi)

|                      | 1980 | 2004  | 2008  |
|----------------------|------|-------|-------|
| Iðnaðarvörur alls    | 21%  | 35,1% | 52.1% |
| Ál og unnin jarðefni | 14%  | 21.1% | 43.1% |
| Aðrar iðnaðarvörur   | 7.7% | 14.0% | 9.0%  |

Fyrir tímabilið 1980–2008 í heild blasir við dálitill iðnvöxtur sem getur þó ekki kallast innlend iðnþróun. Við sjáum að vöxturinn í iðnaðarútflutningi er að langmestu leyti útflutningur frá erlendri stóriðju, og sá hlutur hefur stóruaukist eftir aldamótin. Íslenskt iðnaðarauðvald hefur helst séð sér sóknarfæri í stóriðju í samvinnu (og þjónustu) við erlent stórauðvald. En innlendir virðisauki af rekstri stóriðjuveranna á Íslandi er hlutfallslega lítill.<sup>20</sup> Framan af þessu 28 ára tímabili hækkaði einnig hlutfall annars iðnaðar af útflutningi – helstu vaxtarsprotarnir voru annars vegar „Lyfjavörur og vörur til lækninga“ og hins vegar „Vörur til fiskveiða“ – en sá hluti lét svo undan síga, og nú er hlutfall hans að verða svipað og 1980.

Þetta var vöruútflutningurinn, og hann sýnir aðlögun Íslands að hnattvæðingunni, og er eðlilegt að líta á þátttökuna í Evrópusamrunanum – aðild að EFTA og EES – sem hluta af henni. Tölurnar benda til að Ísland hafi á árunum 1980–2008 þokast úr stöðu þróaðs iðnrikis, að það sé nú er í ríkari mæli en fyrr hrávöruútflytjandi fyrir kjarnasvæðin. Vörurnar eru tvær: lítt unnin sjóvara og rafmagn fyrir álbræðslur. Landið býður upp á fjárfestingarmöguleika fyrir alþjóðlegt auðmagn í fiskveiðum og orkubúskap. Aðlögunin að heimsmarkaði, grundvallaraðferð frjálshyggjunnar, hefur sem sagt stjakað landinu fjær kjarnsvæðum og út á jaðarsvæði. Land og þjóð eru fórnarlömb ásælni og framrásar erlendar heimsvaldastefnu. Þótt landið sé ekki fullur aðili að ESB er það á ESB-svæðinu og heldur á leið niður á við í stigveldinu í þeirri blokk.

### *Útrásin og afdrif hennar*

Þá komum við að fjármagnsútflutningnum. Íslenskt auðvald er sjálft komið á stig einokunar og heimsvaldastefnu fyrir alllöngu. Á tíma örrar fjármálavæðingar og hnattvæðingar eftir 1990 kastaði það sér út í leikinn. Stofnun innri markaðar EES 1993 og Úrúgvæ-lota GATT-samningsins 1994 snérist um það að afnema hindranir gegn frjálsum flæði fjármagns milli landa (sbr. kaflann „Fjármagnsútflutningur á tíma fjármálavæðingar“). Aðild að EES og útrásin eru órofa tengd. Í framhaldi af aðild að EES tók hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi mikinn kipp (ekki síst í sjávarútvegi) samfara því að flæði fjármagns varð frjálst um allt EES-svæðið. Saman fór nú annars vegar mikil fjármálavæðing innanlands og hins vegar mikil útrás fjármagns. Fjármálavæðingin og útrásin skiluðu sér í örum hagvexti á Íslandi eftir aldamótin 2000, en sá hagvöxtur var ekki byggður á framleiðsluaukningu heldur fyrst og fremst erlendri skuldasöfnun, einkum bankanna, sem að sínu leyti var fjármögnuð af alþjóðlegri fasteignabólu. Erlendar skuldir bankanna áttfölduðust á árunum 2004–8. Með því móti varð íslenska bankakerfið afbrigðilega stórt miðað við verga þjóðarframleiðslu, og jafnframt viðkvæmt fyrir áföllum.

Útrás íslensks auðmagns var mikil á flesta mælikvarða og allt bendir til að samkeppni frá íslenskum bönkum hafi valdið pirringi meðal gróinna banka og fjármálastofnana á Bretlandi og meginlandinu. Ingimundur Friðriksson, fyrrum seðlabankastjóri, skrifar að í aðdraganda bankahrunsins hafi Seðlabankinn fundið að

<sup>20</sup> Sjá útreikninga Indriða H. Þorlákssonar þar um: <http://inhauth.blog.is/blog/inhauth>

vaxandi andstöðu gætti við innlánaöfnun íslensku bankanna. Þessi andstaða átti eflaust ýmsar skýringar, m.a. þá að bankar á þeim svæðum þar sem íslensku bankarnir hófu söfnun innlána kveinkuðu sér undan skyndilegri samkeppni og komu óánægju sinni á framfæri við yfirvöld.<sup>21</sup>

Ljóst er að með samdrættinum, þegar lánsfjárlindir þornuðu, notfærðu bresk stjórnvöld sér stöðuna til að kom íslensku bönkunum á kné. *The Washington Post* kallaði beitingu breskra hryðjuverkalaga dæmi um þá „fjármálastyrjöld“ (financial war) milli ríkja sem vænta mætti í dýpkandi kreppu.<sup>22</sup>

Íslenskt auðvald blés til mikillar útrásar í harðri samkeppni um fljóttekinn gróða á fjármálasviði, en flest bendir til að sú sókn og sú fjármálavæðing sé nú stöðvuð. Fallið sýnist vera meira en sem nemur einni hagsveiflutengdri kreppu. Íslenskt samfélag í heild stendur fátækara og veikara eftir en áður. Fallið var úr miklum hagnætti niður í eitthvað í ætt við þjóðargjaldþrot þegar einkaskuldum er velt á ríkið. Nú eru eðlilega skrifaðar þækur um orsakir hrunsins og áherslur manna á orsakabætti eru mismunandi. Ég held að ástæða sé til að nefna þrjá þætti. Fyrst nefni ég aðsteðjandi kapítalíska kreppu sem byrjar sem bankakreppa. Í öðru lagi er fjármálavæðing og skulddrífing ofþensla íslensku bankanna – byggð á hugmyndafræði nýfrjálsbyggju. Í þriðja lagi eru aðgerðir annarra, völdugari, aðila í heimsvaldakerfinu sem neyttu aflsmunar á vígvelli samkeppninnar.

Ríkjandi efnahagsstefna íslensks auðvalds allt frá 8. áratugnum hefur verið mjög eindregin aðlögun að hnatrænu markaðs- og fjármálakerfi. Í því efni er ekki teljandi munur á ríkisstjórnnum kenndum við hægri-miðju og vinstri-miðju. Þess vegna er íslenskt hagkerfi orðið mjög berskjaldað gagnvart breytingum í efnahagssumhverfinu. Íslensk ríkisstjórn er t.d. ólíkleg til að bregðast við efnahagskreppu með með atvinnustefnu þjóðlegrar sjálfsbjargar á borð við stefnu „stjórnar hinna vinnandi stétta“ 1934-39. Ekki óvænt boðar AGS hið þveröfuga: að gíra framleiðsluna enn meira á útflutning til að greiða niður skuldir.

Þar sem ríkjandi efnahagsstefna hefur lengi verið heimsmarkaðsaðlögun er íslensk ríkisstjórn, jafnt til hægri sem vinstri, einnig ólíkleg til að veita ytri þrýstingi mikla mótspyrnu. Slíkur þrýstingur hefur nú gert rækilega vart við sig.

### *Samstilltar aðgerðir AGS og ESB gagnvart Íslandi*

Síðvaxandi samþjöppun auðmagns er eitt grundvallarlögmál kapítalismans. Einkum með tvennu móti: Stór fiskur étur lítinn fisk eða þá að tvær einingar sameinast í eina stærri. Kreppur herða á þróuninni í átt til samþjöppunar. Þá harðnar samkeppnin um heimsmarkaðinn og allar andstæður skerpast. Þegar kreppir að minnkar froðusnakkið um göfugar hugsjónir, og hagsmunirnir bak við hin fjölbjóðlegu bandalög koma skýrar í ljós. Þegar hörð stefna stórra heimsvelda gagnvart Íslandi kom í ljós notaði Michael Hudson hugtak sem áður var nefnt, „fjármálastyrjöld“:

<sup>21</sup> „Aðdragandi bankahrunsins í október 2008“ [www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6794](http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6794)

<sup>22</sup> *The Washington Post*, 12. okt. 2008, „Icelandic Meltdown: The Next World War? It Could Be Financial“

Ísland á völdugri þjóðum að mæta undir forustu Bandaríkjanna og Bretlands. Þær tefla fram áróðursmeisturum sínum og beita fyrir sig AGS og Alþjóðabankanum sem krefjast þess að Ísland verji sig ekki með því að þurrka út hinar slæmu skuldir... Þetta hljómar eins og herfang í stríði, og er það – eins og það hefur alltaf verið. Spilið nefnist skuldaprælkun. Aðalvopnið í þessum hagsmunaárekstri er það hvernig fólk skynjar hann. Það þarf að sannfæra skuldarana um að þeir skuli borga sjálfviljugir, til þess að þeir setji hagsmuni lánadrottna ofar efnahagslegri hagsæld, setji jafnvel erlendar skuldir ofar eigin þjóðarhag.<sup>23</sup>

Í framhaldinu hafa AGS og ESB unnið náð saman (og einstök lönd ESB og EES). Þegar Íslendingar – rétt eins og Austur-Evrópuþjóðirnar – leituðu til Evrópusambandsins um lán í upphafi kreppunnar var ekkert slíkt að hafa og svarið alls staðar það sama: Gjörð svo vel, farið til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. En sá sjóður er ekki hlutlaus aðili heldur „eins konar útibú frá bandaríska fjármálaráðuneytinu“ (Jón Baldvin Hannibalsson, Mbl. 14.8.09) og næststærstu „hluthafar“ þar eru Bretar (atkvæðisvægi miðast við fjárframlög til sjóðsins). Í spurningatíma í enska þinginu 6. maí uppljóstraði Gordon Brown óvart um breskan þrýsting á AGS: „...við erum að semja við AGS og aðra aðila um það hversu hratt Íslendingar geta endurgreitt það tap sem þeir hafa valdið.“<sup>24</sup> AGS svaraði því kalli og sjóðurinn hefur síðan hvað eftir annað frestað lánafyrirgreiðslu til Íslands. Nú hafa bæði fjármálaráðherra og utanríkisráðherra (sá síðarnefndi í ræðu hjá SP) lýst því skýrt og skilmerkilaga að afgreiðsla lánsins strandi af því lcesave-málið sé ekki leyst. Með öðrum orðum, til að rukka fyrir völduga umbjóðendur þá skilorðsbindur AGS fyrirgreiðslu sína: Hún er háð því að íslenska ríkið gangist við skuldum íslenskra einkafyrirtækja. Þannig tryggja ESB og AGS í sameiningu það að „hver maður geri skyldu sína“ í samræmi við stöðu sína í heimsvaldakerfinu. Ögmundur Jónasson var ráðherra í ríkisstjórn sem gekkst inn á þessar forsendur. Samt bloggaði hann hreinskilnislega að fenginni reynslu 6. ágúst:

Evrópusambandið kemur ekki til okkar nú færandi hendi heldur beitir þvingunum til að knýja okkur til að undirgangast afarkjör lánadrottna, Breta og Hollendinga. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er heldur ekki að gefa okkur neitt. Því fer fjarri. Hann stendur þvert á móti vaktina og meinar alþjóðasamfélaginu að veita okkur aðstoð nema við hlítum skilyrðum Evrópusambandsins.<sup>25</sup>

En innan ESB er áhugi á Íslandi. Í frétt frá virtri hugveitu í Berlín „Stofnun um alþjóða- og öryggismál“ (SWP) segir: „Ríkisstjórnarráðgjafar í Þýskalandi líta á Ísland sem „herfræðilegan útvörð“ fyrir umráðasvæði Evrópusambandsins gagnvart Norðurskautinu og vonast eftir inngöngu Íslands í sambandið.“<sup>26</sup> Í nóv. 2008 markaði framkvæmdaráð ESB sér „Norðurskautsstefnu“ (EU Arctic Policy). Síðan hefur m.a. Carl Bildt, utanríkisráðherra Svía – þeir eru nú í forsæti innan ESB – nokkrum sinnum tjáð sig um áhuga ESB á Íslandi með þeim rökum að Ísland opni ESB leið að Norðurskautssvæðinu. Það kemur í viðbót við auðlindir landsins sjálfs og gerir landið mun eftirsóknarverðara fyrir ESB en ella.

<sup>23</sup> "The Financial War against Iceland" [www.globalresearch.ca/index.php?context=va&aid=13055](http://www.globalresearch.ca/index.php?context=va&aid=13055).

<sup>24</sup> „Umsátrið um Ísland“ [www.ogmundur.is/annad/nr/4557](http://www.ogmundur.is/annad/nr/4557)

<sup>25</sup> "Barinn þræll á Rauðsmýri" [www.ogmundur.is/annad/nr/4705](http://www.ogmundur.is/annad/nr/4705)

<sup>26</sup> "Brückenkopf zur Arktis" [www.german-foreign-policy.com/de/fulltext/57529](http://www.german-foreign-policy.com/de/fulltext/57529)

## Lokaorð: hin skerta umræða

Við búum í heimi sem undirlagður er altæku arðráns- og valdakerfi, heimsvaldakerfinu, sem hefur haldið grundvallareinkennum sínum í rúma öld. Á seinni hluta þeirrar rúmu aldar – eftir að hið formlega nýlendakerfi molnaði – hafa helstu valdhafar þessa kerfis kappsamlega innréttað það með stofnunum sem gefa því yfirbragð opinbers valds, þ.e.a.s. yfirbragð „alþjóðlegs“, „yfirþjóðlegs“ valds sem þjónar engu að síður – á misskýran hátt – hagsmunum þessara valdhafa. Slíkar stofnanir eru AGS, Heimsbankinn, GATT, Heimsviðskiptastofnunin, einnig Sameinuðu þjóðirnar (Öryggisráðið). Með tungutaki valdsins heita þær „alþjóðasamfélagið“. „Alþjóðasamfélagið“ grípur inn, skakkar leikinn þar og hér. Í seinni tíð tilheyrir heimslögreglan NATO einnig þessu „alþjóðasamfélagi“. Og stofnanirnar eru miklu fleiri eins og t.d. alltumfaðmandi net vestrænna fréttá- og sjónvarpsstöðva sem gegnir meginhlutverki í yfirbyggingu kerfisins. Í okkar heimshluta er ESB (ásamt NATO) helsti fulltrúi kerfisins og kallar sig, með tungutaki valdsins, „Evrópa“.

Þessar stofnanir ákvarða viðskiptahættina og umferðarreglur fjármagnsins í heiminum. Þær mynda hinn ytri ramma sem tryggir rennsli peninganna í réttum farvegum í heimsvaldakerfinu. En sem sagt, þær hafa hlutlaust yfirbragð: þær eru „efnahagskerfi nútímans“. Þær eru „nú tíminn“.

Íslensk stjórn málaumræða tekur þennan ytri ramma sem gefinn. Setur ekki við hann spurningamerki. En það að ræða íslensk stjórn mála og efnahagsmál án þess að ræða þennan ytri ramma á gagnrýninn hátt, án þess að skoða hvernig hann skilorðsbundur allt efnahags- og stjórn mála líf í landinu, er rörsýni, þ.e.a.s. slík þröngsýni að jafngildir því að skoða umhverfi sitt út um mjótt rör. Sú umræða sem sleppir að ræða rammann og bindur sig við forsendur hans er stórlega skert umræða. Ennfremur: Það lýðræði sem undirgengst sömu skerðingu er afar takmarkað lýðræði.

Sumt fólk er bláeygt: heldur t.d. að hægt sé að reka hér fjölskrúðugt atvinnulíf án þess að horfa á þær hörðu reglur sem áður nefndur rammi – með mikið vald á bak við sig – hefur sett. Annars konar blinda er þó verri: sú sem lítur á þennan ramma sem efnahagslegt lögmál sem ekki sé hægt að breyta og því fráleitt að andæfa. Það jafngildir því að segja: Einokunarauðvaldið ræður! Verði þess gráðugi vilji!

Í þessum ritlingi er þetta efnahags- og valdakerfi til lauslegrar skoðunar. Hér er brugðið upp mynd af heimsvaldakerfi sem er ósveigjanlegt og samhangandi kerfi arðráns og valda sem þjónar stærstu og sterkustu einingunum. Á vesturhveli eru það einokunarauðvald eininganna USA og ESB. Gegn þeim hlýtur sjálfstæðisbarátta okkar daga að beinast. Jafnhliða því að snúast um vörn efnahagslegs og pólitísks sjálfstæðis þarf sú barátta að taka á sig mynd heimsvaldaandstöðu. Annars verður hún fálmkennnd og veik. Baráttan gegn íslensku auðvaldi verður sömuleiðis ómarkviss ef ekki er tekið mið af stöðu Íslands í heimsvaldakerfinu.